



Þroska- og hegðunarstöð

Þroska- og hegðunarstöð tilheyrir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Hlutverk hennar er að efla lífsgæði og framtíðarhorfur barna og draga úr hamlandi áhrifum hvers kyns fráviks í þroska, hegðun og líðan.

Þverfaglegt teymi sérhæfðs starfsfólks veitir börnum, foreldrum og fagfólki fjölbreytta þjónustu. Unnið er eftir markvissu skipulagi með mestu gæði að leiðarljósi og lögð er rík áhersla á notalegt viðmót og einstaklingsmiðaða nálgun.

Helstu þættir þjónustu

- Greining þroska-, hegðunar og lyndisraskana
- Sérhæfð námskeið fyrir fagfólk og fjölskyldur
- Ráðgjöf, fræðsla og meðferð
- Gerð og dreifing fræðsluefnis



Greining - hvað er það?

- Í greiningarferli felast athuganir og prófanir á barni, greiningarviðtöl við foreldra og börn og upplýsingaöflun frá kennurum og öðru fagfólki.
- Greining kortleggur styrkleika og veikleika barnsins í samhengi við umhverfisþætti.
- Greiningu er ætlað að svara því hvort frávik eru til staðar, hvers eðlis þau eru og hvaða úrræði eru líkleg til að gagnast barninu og fjölskyldu þess.
- Ferlið tekur mislangan tíma þar sem fjöldi athugana er mismunandi eftir eðli mála.
- Fagfólk sem algengt er að komi að greiningu eru t.d. sálfræðingar, barna- og barnageðlæknar, iðjuþjálfar og auk annarra sérfræðinga.
- Fyrstu formlegu athuganir eftir að grunur vaknar um frávik nefnast FRUMGREINING.
- Þegar nauðsynlegt er að athuga frekar eða staðfesta vísbendingar sem komið hafa fram í frumgreiningu og/eða í sérstaklega skilgreindum skimunum, kallast það NÁNARI GREINING.

Greining - til hvers?

Til að hægt sé að grípa tímanlega inn í með viðeigandi íhlutun og auka líkur á árangri er mikilvægt að greining fari fram eins fljótt og hægt er eftir að einkenni hafa komið fram.

Úrræði eða íhlutun sem algengt er að mælt sé með eftir greiningu er t.d.

- Aðgerðir til að styðja við nám, hegðun, líðan og félagsleg samskipti barns í skóla.
- Mismunandi færniþjálfun eða meðferð barns í einstaklings- eða hóptímum.
- Stuðningur við foreldra í formi ráðgjafar, fræðslu eða færniþjálfunarnámskeiða.
- Meðferð fyrir barn og/eða foreldra hjá sérfræðingum eða sérhæfðum þjónustustofnunum.

Greiningarþjónusta

- Proska- og hegðunarstöð sinnir höfuðborgarsvæðinu en einnig öðrum landsvæðum sé ekki völ á sambærilegri þjónustu í nærumhverfi fjölskyldunnar.
- Allar tilvísanir þurfa að berast á sérstökum eyðublöðum ásamt skriflegu leyfi foreldra. Eyðublöðin fást á vef heilsugæslunnar ásamt upplýsingum og leiðbeiningum.
- Vísa má ungum börnum í FRUMGREININGU þegar áhyggjur vakna af þroska eða hegðun, t.d. við hefðbundna skoðun í ung- og smábarnavernd. Tilvísendur eru fagfólk heilbrigðisstofnana, barnalæknar eða aðrir sjálfstætt starfandi sérfræðingar.
- Þegar frumgreining og matslistar hafa sýnt sterkar vísbendingar um athyglisbrest, ofvirkni, kvíða og skyld frávik í hegðun eða líðan barna frá um 5 ára aldri má vísa í NÁNARI GREININGU. Tilvísendur eru fagfólk sérfræðiþjónustu skóla eða heilbrigðisstofnana auk sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Ferli eftir tilvísun

- Bréf til foreldra, tilvísanda og heimilislæknis sem staðfestir móttöku tilvísunar, gefur upplýsingar um ætlaðan biðtíma og mælir með aðgerðum á tímabilinu.
- Öflun viðbótarupplýsinga, t.d. með matslistum, ef þörf krefur.
- Þverfaglegt greiningarferli m.t.t. einkenna, úrvinnsla og skýrslugerð.
- Skilaviðtal um greiningarniðurstöður og ráðgjöf þar um til foreldra.
- Skilafundur til upplýsingar, ráðlegginga og fræðslu fyrir skóla og aðra sem sjá um eftirfylgd.
- Myndun þjónustuteymis til að fylgja eftir skólaúrræðum á markvissan hátt.



Aðgerðir í framhaldi af greiningu á Proska- og hegðunarstöð

Í kjölfar greiningar býðst foreldrum ýmiss konar þjónusta eftir því sem þurfa þykir. Þetta getur til dæmis verið:

- Fræðsla og ráðgjöf til foreldra um uppeldi, færnipjálfun, hegðunarmótun, meðferð og önnur úrræði.
- Lyfjameðferð fyrir börn sem greinast með ADHD og skyldar raskanir og ráðgjöf þar að lútandi.
- Sérútbúið fræðsluefni og hagnýt ráð um ýmis frávík og úrræði.
- Tilvísanir í önnur meðferðarúrræði og/eða nánari greiningu.

Námskeið og fræðsla

Á Proska- og hegðunarstöð bjóðast ýmis sérsniðin námskeið fyrir fjölskyldur, sem öll byggja á vel rannsökuðum aðferðum:

- **UPPELDI SEM VIRKAR – FÆRNI TIL FRAMTÍÐAR** fyrir foreldra ungra barna til að efla almenna uppeldisfærni og kenna aðferðir til að fyrirbyggja erfiðleika og þróa styrkleika.
- **NÁMSKEIÐ UM UPPELDI BARNNA MEÐ ADHD** til að styðja foreldra í að tileinka sér hagnýtar og sannreyndar uppeldisaðferðir.
- **SNILLINGARNIR** er námskeið fyrir börn sem greinst hafa með ADHD til að þjálfa þau í samskiptum, tilfinningastjórn og athygli.
- **KLÓKIR LITLIR KRAKKAR** er forvarnarnámskeið fyrir foreldra ungra barna með kvíðavanda.
- **KLÓKIR KRAKKAR** er námskeið fyrir stálpuð börn með kvíðaraskanir og foreldra þeirra.

Samstarfsaðilar

Proska- og hegðunarstöð á fjölþætt samstarf við þjónustustofnanir heilbrigðis-, mennta- og félagskerfisins, svo sem heilsugæslustöðvar, sérfræðiþjónustu sveitarfélaga fyrir skóla og fjölskyldur auk Barna- og unglingsgeðdeildar og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Þá er samstarf við háskóla um kennslu, handleiðslu rannsóknarverkefna og starfsþjálfun nema.

Öll þjónusta Proska- og hegðunarstöðvar er notendum að kostnaðarlausu, að undanskildum námskeiðum, en þar er þátttökugjaldi haldið í lágmarki.

Opið kl. 8:20—16:15 alla virka daga